

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun,  
nr. 48/2011 (virkjunarkostir í vindorku).

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

- Við 2. gr.
  - Við bætist nýr liður, sem verði a-liður, svohljóðandi: Í stað „10 MW“ í 1. másl. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: 1 MW.
  - Í stað „10 MW“ í a-lið komi: 1 MW.
- Fyrirsögn frumvarpsins verði: **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011 (virkjunarkostir í vindorku og stærðarmörk).**

### Greinargerð.

Lagt er til að stærðarviðmið virkjunarkosta sem falla undir verndar- og orkunýtingaráætlun verði færð úr 10 MW af uppsettu rafafli í 1 MW. Með þessu má tryggja heildstæðari umfjöllun um virkjunarkosti sem geta leitt af sér umtalsverð umhverfisáhrif, með þeim faglegu ferlum sem felast í málsmeðferð verkefnisstjórnar rammaáætlunar.